



DEILISKIPULAG MKV. 1:2000

**GREINARGERÐ**

**Markmið**

Markmið deiliskipulagsins er að festa í sessi núverandi kirkjugarð á Saurbæjarási og tryggja garðinum nægilegt landrými fyrir kistugrafreit næstu áratugi. Þá er jafnframt tekið frá svæði sem hugsað er til lengri framtíðar hvað varðar nýtingu. Núverandi garðsvæði hefur verið í notkun s.l. 35 ár og er sú umgjörð nánast fullnýtt. Aðkallandi er að taka frá viðbótar land fyrir garðinn þar sem tíma tekur að móta slíkt svæði. Áformað er að stækka núverandi garðsvæði til norðurs og austurs en skipulagið gerir ráð fyrir að hluti þess verði unnin sem grafartækt svæði fyrir kistugrafir. Margt bendir til þess að hlutfall kistugrafreita muni fara lækjandi á komandi áratugum. Því er gert ráð fyrir að einnir form grafrunnar s.s. dúffrafir munu verða meiri ráðandi síður. Stór hluti skipulagssvæðisins mun verða óráskað land, þó með möguleika á nýtingu síðar meir. Svæðið sem unnið er með næstu ár telst vera grafartækt að stórum hluta. Sökum landhalla á svæðinu er nauðsynlegt að móta landið þannig að sem best nýting nái fram og aðgengi sé tiltölulega gott. Stöllum landsins er áskorun en mun gefa garðinum einkennandi yfirbragð. Mikilvægt er að fella stækkunina sem best að því landi sem fyrir er. Markmiðið er að sem mest jafnvægi verði á milli úrtaks og fyllinga og komist verði hjá miklum jarðvegslutningum.

**Forsendur og staðhættir**

Saurbæjarás fellur til norðurs undan Hólshyrmu milli Skútudals og Hóldsals. Deiliskipulagssvæðið situr vestan megin í ásum og afmarkast af Siglufjarðarvegi (þjóðvegur nr.76), til suðurs og vesturs og Ráeyrarvegi, til norðurs. Svæðið er fremur neðarlega í Saurbæjarásnum sem myndar falllegt bakland fyrir garðsvæðið. Svæðið er rétt yfir sjávarmáli og liggur milli 5 m.y.s. og uppi ríflega 30 m.y.s. Halli á svæðinu er nokkuð breytilegur en 10-15% þar sem brattast er. Í Siglufirli er norðaustan átt ríkjandi fyrir sumarmánuðina en suðvestan vindar fyrir vetrarmánuðina. Svæðið getur verið mjög snjóbært. Áskilegt er að stuðla skjólmýndum með markissni skjólbæturum til framtíðar. Einkennandi gróðurfar samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar er graslendi (Snarórarvist og Starungsmýrarodróg) með gróskumklum mólendisvistgerðum. Taka þarf tillit til viðkvæmrar gróðurþekju á austur hluta svæðisins. Austan við skipulagssvæðið eru litlir skógrættir, ekki fjarri áningarstað Vegagerðarinnar. Vestari hluti svæðisins er töluvert raskaður vegna betrarlags og framræslu. Siglufjarðarvegur var byggður upp samhliða jarðgangvegum og opnaður 2010. Hann liggur í sveig meðfram syðsta hluta garðsins og er eilítið hærra í landinu en núverandi garðsvæði. Göngvegur er á þessum kafla. Ráeyrarvegur er einn af syðsta hluta hans hefur verið breytt til að gera betri tengingu við hinn nýja þjóðveg. Þessar breytingar hafa ekki haft teljandi áhrif á skipulagssvæðið þó umferð bila skapi vissulega ákveðið ónaði. Garðsvæðið er nokkuð áberandi þar sem það situr í kirkjanum sem þessar veggtingingar skapa. Fyrirhuguð göngu- og hjólaeðl samsíða þjóðvegnum mun gera kirkjugarðssvæðið aðgengilegra en nú er. Jarðlægt stofnað hitaveitu liggur að hluta til í jafri skipulagssvæðisins.

**Skipulag**

Heildarstærð löðar er 5,98 ha. Aðkoma er frá Ráeyrarvegi og þar er gert ráð fyrir tveimur aðskildum aðkomusvæðum með bilastæðum. Syðra aðkomusvæðið þjónar núverandi garðsvæði og gerir áfram. Þar er gert ráð fyrir svæði fyrir upplýsingar og minningarreit. Stækkun garðsins skapar þörf fyrir nýtt miðlægt bilastæði norðan við núverandi garðsvæði. Þessi nýja aðkoma mun tengja saman núverandi garðsvæði og tvo ný kistugrafsvæði til framtíðar með akfæri hringtengingu. Mögulegt er að bæta við þriðja bilastæðinu eftir á svæðinu. Gert er ráð fyrir aðsyða fyrir vèla- og jarðvegsgæmslu til liðs við nýtt bilastæði. Sökum landhalla á svæðinu er skýrnarmælt að stækka garðsvæðið til norðurs til að viðhalda svipaðri hæðarleiga og er í núverandi garði. Frekari stöllum lands til austurs upp Saurbæjarásinn skapar einnig tækifæri til útvíkkunar grafreita en það svæði að hluta til brattara. Út frá aðgengissjónarmiðum þarf útvíkkun garðsins að hafa nægilegt svigrúm til að tryggja gott aðgengi fyrir alla. Samtímis þarf að huga vel að veðurfarlegum aðstæðum s.s. snjóöfnum sem getur verið mjög mikil á þessu svæði. Ný landmótun þarf að taka mið af öllum þessum þáttum og falla vel að nánasta umhverfi sínu. Til austurs frá núverandi garðsvæði er að mestu óráskað land, þjófur möi er einkennandi með matarálkum inn á milli. Hluti þessa svæðis hentar til skógræktar sem til framtíðar stuðlar að skjólmýndum milli þjóðveggar og garðsvæðis. Til norðurs er svæði sem nýi er sem betarhöfð fyrir hross. Það svæði er að öllum líkindum eitthvað blátara þar sem það liggur í hlíft undan Saurbæjarásnum. Huga þarf vel að allri framræslu, miðlun og nýtingu yfirbróðsvatsins í tengslum við nýja landmótun.

**Umferð, stígar og aðkomur**

Stígar garðsins eru hugsaðir fyrir gangandi vegfarendur. Þeir eru almennt 3 metra breiðir og akfæri. Ný hringtenging, einskonar aðalstígar innan garðsins er jafnframt hugsaður fyrir líkblí og aðra þjónustu. Hluti hins nýja stígs er allt að 5 metra breiður og þar er hægt að leggja bílum samsíða honum við fjölmennari athafnir. Fjöldi bilastæða er 40 en viðbótarstæði á styrktum grassvæðum og samsíða götum er allt að 30 stk. Uppbygging sérstakra útivistarstíga innan svæðis er æskileg samhliða stígatengingum við nærumhverfið.

**Athafnasvæði og byggingarreitur**

Við nýtt aðkomusvæði frá Ráeyrarvegi er 800m<sup>2</sup> athafnasvæði fyrir vélageymslu og þeymslu jarðefna. Byggingarreitur fyrir vélageymslu er 100m<sup>2</sup>.

**Kennileiti**

Núverandi ljósakross hefur verið helsta kennileiti garðsins. Fyrir liggja hugmyndir sóknarnefndar um nýtt sáluhlíð / borgarhlíð auk umgjafar fyrir minningarreit. Allt þetta stuðlar að bættri mynd garðsins en mikilvægast er að kirkjugarðurinn falli sem best að umhverfi sínu á Saurbæjarásnum.

**Gróður**

Mikilvægt er að koma upp skjólbeltum og gróðurreitum samhliða mótun garðsins. Trjárækt á svæðinu er langtímaverkefni og mikilvægt að standa vel að undirbyggingu og útfarslum.

**Græfir**

Ætlað er að tvö ný svæði verði gerð grafartækt fyrir kistugrafir. Þau eru svipað að stærð eða um 0,6ha hvert samtals 1,3ha. Ætlað er að nýting lands til graffrar á svæðinu sé um 30% af grafartæktu landi. Það þýðir að um 4000m<sup>2</sup> verði nýtanleg fyrir um 1300 kistugrafir.

**Formnínjar**


Farið hefur fram fornléifaskráning fyrir deiliskipulagið og eru mínjar merktar inn á uppdrátt. (vantar meira – er í uppfærslu)

**Núðurstaða umhverfismats**

Vinnsla deiliskipulagstíllögu fyrir kirkjugarðinn á Saurbæjarási er tímabær aðgerð. Garðurinn er skilgreindur í núgildandi aðalskipulagi (2020-2032). Deiliskipulag gefur hagsmunadílum betri yfirsýn varðandi þróun garðsins og er mikilvægur grundvöllur uppbyggingar á hverjum tíma. Segja má að kirkjugarðurinn hafi frá upphafi liðið fyrir hversu langt hann er frá þéttbýlisgjarninum. Með tilkomu Heiðisjarðargangna og nútíma vegagöngur þá hefur kirkjugarðurinn fengið skýrari umgjörð sem kallar á að honum sé meiri sómi sýndur. Deiliskipulagið tekur utan um það svæði sem fyrir er auk fyrirhugaðrar stækkunar garðsins þar sem tekið hefur verið mið af landslaginu umhverfis hann og landnýtingar. Á skipulagssvæðinu eru ekki skilgreind nein viðkvæm svæði með verndargildi. Viðkvæm gróðurþekja er á hluta svæðisins þar sem ekki eru fyrirhuguð nein rökun á landi. Sé litit til áhrifa kirkjugarðsins á vatnafar þá er ekki um að ræða áhrif á vatnsverndarsvæði eða vötn sem njóta sérstakrar verndar. Áhrif stækkunar kirkjugarðs á lýðheilsu er fyrst og fremst á framkvæmdatíma og þá vegna umferðar þungra ökutækja og vöðubreiðsla. Skipulagssvæðið er að hluta til nú þegar raskað með framræsluskurðum og ofbeitar þjófur.

Á skipulagssvæðinu eru ekki skilgreind nein viðkvæm svæði með verndargildi. Viðkvæm gróðurþekja er á hluta svæðisins þar sem ekki eru fyrirhuguð nein rökun á landi. Sé litit til áhrifa kirkjugarðsins á vatnafar þá er ekki um að ræða áhrif á vatnsverndarsvæði eða vötn sem njóta sérstakrar verndar. Áhrif stækkunar kirkjugarðs á lýðheilsu er fyrst og fremst á framkvæmdatíma og þá vegna umferðar þungra ökutækja og vöðubreiðsla. Skipulagssvæðið er að hluta til nú þegar raskað með framræsluskurðum og ofbeitar þjófur.

Skipulagssvæðið er utan þéttbýlis og hefur því ekki áhrif á lýðheilsu.



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032, sveitarfélagsuppdráttur dags. 02. júní 2021.

**SKÝRINGAR**

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- NY LÖÐARMÖRK
- NÚVERANDI LÖÐARMÖRK
- BYGGINGARREITUR
- ATHAFNASVÆDI
- AKFÆR MEGIN GÖNGUSTÍGUR
- GÖNGUSTÍGUR
- AÐKOMU- OG UMFERDARTENGINGAR, LEIÐBEINANDI LEGA
- BILASTÆÐI
- MIDLUN OFANVATNS
- LANDMÓTUN - STALLAR
- VIÐBÓTARSVÆDI KISTUGRAFREITA
- MINJAR, SÍA NÁNING: FORNLÉIFASKRÁNING Í SVEITAFÉLAGINU
- ÞJÓDVEGUR OG TENGIVEIGUR
- GÖNGU- OG HJÓLREIÐASTÍGAR

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákveði 41.gr. og 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 2023 með athugasemdarfræsti til \_\_\_\_\_ 2023. Tekið er tillit til Skipulags- og umhverfissnefnd \_\_\_\_\_ 2023 og samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann \_\_\_\_\_ 2023. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2023.

**TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI**




KANON ARKITEKTAR  
Laugavegi 26 • 101 Reykjavík • sími 512 4200 • kanon@kanon.is • www.kanon.is

**Í VINNSLU - DRÖG**

**KIRKJUGARÐUR SAURBÆJARÁSI**

Deiliskipulagsuppdráttur			
mkv:	teiknað	lýfríð	
1:2000 / 1:250	BE	HB	
teikn.nr.	dags:		
23-02 - 3000 -			00.00.2023



SNID A-A MKV. 1:250